

## 2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Siglingamálastjóra er þó heimilt að veita frest til að fullnægja ákvæðum 1. gr. sem hér segir:

- a) Fiskiskip 250 brl. og stærri til 1. september 1987.
- b) Fiskiskip lengri en 24 m að lengd en minni en 250 brl. til 1. júlí 1988.
- c) Fiskiskip 12 m til 24 m að lengd til 1. janúar 1989.
- d) Önnur skip til 1. september 1987.

*Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um veitingu leyfis til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi — Innanlands hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands frá og með deginum í dag að telja til 31. desember 1989:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
7. Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík
8. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
9. Reykjavík — Siglufjörður — Reykjavík

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningsþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Jafnframt fellur niður sérleyfi Arnarflugs hf. á þeim flugleiðum, sem greinir í auglýsingu nr. 511/1984.

*Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*